

Jóhannes Ágústsson

† Jóhannes fæddist í Reykjavík 11. janúar 1953. Hann andaðist á krabbameinsslækn-ingadeild Landspítalans 15. nóvember 2012.

Útför Jóhannesar fór fram frá Ytri-Njarðvík-urkirkju 23. nóvember 2012.



Vinur minn og félagi, Jóhannes Ágústsson, lést 15. nóvember sl. eftir snarpa glímu við erfðan sjúkdóm. Jóhannes var einn af alltof fáum mönnum sem höfðu mikla sjálfsvirðingu

um leið og hann virti skoðanir annarra og ræddi þær af heiðarleika. Það eru ekki margir sem hafa þá þörf sem hann hafði til að láta gott af sér leiða eða hafa þann vilja og fórnfýsi sem hann hafði til að berjast fyrir umbótum í samfélagsmálum. Hann starfaði af eldmóði sem almennur félagi og stjórnarmaður í félagasamtökum bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Hann var félagi í sænska sósíaldemókrataflokknum og síðar í Umhverfisstofnunum sænska.

Hann var bæjarfulltrúi í Gautaborg, í stjórn Samtaka herstöðvaandstæðinga á Íslandi, starfaði í Amnesti International, náttúruverndarsamtökum o.fl. Jóhannes var alla tíð mjög virkur í pólitísku félagsstarfi.

Jóhannesi kynntist ég fyrst fyrir alvöru í gegnum námsmannasamtök Íslendinga þegar ég hóf nám í Gautaborg 1981. Við vorum skoðanabréður. Báðir aðhylltumst við sósíalískan anarkisma og ræddum saman löngum stundum um lágmarksríkið, forsendur og leiðir að samfélagi jafnaðar og valdreifingar. Þarna kom maður aldrei að tómun kofanum hjá Jóhannesi því hann hafði bæði yfirgripsmikla þekkingu á hugmyndafræðistraumum og ekki síst vestrænni stjórnmalasögu. Við ræddum þessi mál langt fram á nótt og þá fékk Karl Marx oft sinn skerf af gagnrýni og léttu hóli fyrir framlag sitt til samfélagsvísindanna og anarkismans sem svo mörgum sést yfir. Samræðurnar með Jóhannesi eru meðal minna bestu og skemmtilegustu minninga enda var hann hómorísti og sagði kímnar sögur af mönnum og málefnum. Svona gekk þetta í yfir 30 ár, samræðurnar voru síungar. En þó svo að við hittumst oft með löngu millibili, því báðir vorum við ýmist aðfluttir eða brottfluttir Íslendingar, þá var þráðurinn alltaf tekinn upp

aftur og samræðan hélt áfram.

Í minningunni var Jóhannes sístarfandi og vinnusamur maður. Hann var framhaldskólakennari á Íslandi og m.a. rektor endurmenntunarskóla í Svíþjóð. Á níunda áratugnum vann hann hörðum höndum sem menntaskólakennari til að koma sér þaki yfir höfuðið. Hann keypti sér stóra íbúð á Tómasarhaganum í Reykjavík, en ég var svo heppinn að leigja hjá honum herbergi tvívegis þegar ég í var í doktorsnámi og þurfti að safna gögnum á Íslandi. Í þá daga eins og nú voru launin lág, ekki síst í ríkisgeiranum, og menn neyddust til að vinna mikla yfirvinnu. Jóhannes vann tvöfalt á þessum árum og lýsti ástandinu á vinnumarkaðnum með fleygum orðum sem seint gleymast. Ég spurði hann eitt kvöldið út í yfirvinnuna og vinnuálagið, þá sagði hann brosandi: „Ástandið er orðið þannig að það eina sem ég heyri í fréttum er þessi eina mínúta í lokin. „Þetta var helst í fréttum“.“

Jóhannes var einn af þeim sem maður vissi alltaf hvaða afstöðu höfðu í málum og stóð fastur fyrir á sínum málstað. Hann hafði til þess þor og heiðarleika sem of fáir hafa. Hans verður lengi saknað í vinalópnum. Aðstandendum hans votta ég innilega samúð mína.

Ívar Jónsson.